

af hvorum aðilja, af eiganda Hvammkots, Kristjáni Guðmundssyni, kr. 270.00, og af eigendum Örlygsstaða kr. 270.00.

Því dæmist rétt vera:

Hin umþrættu merki milli jarðanna Hvammkots og Örlygsstaða ákveðast þannig:

Frá Hornvörðu í miðjan Gunnumó og þaðan beina stefnu á vörðuna á melnum fyrir utan Stórhól allt að Hofslandi.

Innan loka yfirstandandi árs skulu aðiljar í félagi reisa merki í Gunnumó, mitt á milli jarðfastra steina í veður- og austurjaðri hans, næst brekkunni. Svo geri þeir og á sama hátt og innan sama tíma að tilkvöddum eiganda Hofs annað merki, þar sem bein lína úr merkinu í Gunnumó í vörðuna á melnum fyrir utan Stórhól sker norðurlandamerkjalinu „Hofs“, eins og hún er ákveðin í dóminum frá 1922.

Þóknun til dómenda, kr. 150.00 til hvers, og ferðakostnað, kr. 90.00, samtals kr. 540.00, greiði aðiljar að jöfnum hlutum, sækjandinn, Kristján Guðmundsson, kr. 270.00, og verjandinn, eigendur Örlygsstaða, kr. 270.00.

Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. maí 1945.

Nr. 69/1944. Kristján Guðmundsson (Egill Sigurgeirsson)
gegn

Þórhalli Arnórssyni og gagnsök
(Gústaf A. Sveinsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Mál til riftunar kaupum á bifreið og endurgreiðslu þegar goldins kaupverðs.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 24. maí 1944. Krefst hann þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 19000.00 eða aðra lægri fjárhæð eftir mati hæstaréttar ásamt 6% ársvöxtum frá 31. marz 1943 til greiðsludags. Enn fremur krefst hann málskostnaðar að skaðlausu fyrir báðum dómum úr

hendi gagnáfrýjanda. Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 12. júní 1944, krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum aðaláfrýjanda í máli þessu og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi seldi aðaláfrýjanda bifreiðina R 2156 hinn 30. janúar 1943. Hafði hann átt bifreiðina einungis í 3 daga, og er ekkert komið upp, er bendi til þess, að honum hafi þá verið kunnugt um galla á henni. Aðaláfrýjandi skoðaði bifreiðina, áður en hann keypti hana, og ók henni síðan í rúman mánuð. Það er ekki sannað, að hann hafi kvartað undan göllum á bifreiðinni fyrr en fyrst í marz 1943, er hann var krafinn um afborgun af söluverði bifreiðarinnar. Hinn 27. marz s. á. afhenti hann gagnáfrýjanda síðan bifreiðina, og var honum þá skilað aftur víxlum þeim, sem ógreiddir voru. Er sannað, að bifreiðin var þá í mun lakara ásigkomulagi en er hann fékk hana.

Samkvæmt því, er nú hefur verið rakið, og með vísun til 52. gr. laga nr. 39/1922 á aðaláfrýjandi ekki rétt á að rifta kaupíð og krefjast endurgreiðslu þess hluta kaupverðs, er hann þegar hafði greitt, sbr. 57. gr. nefndra laga. Eigi er heldur unnt að dæma honum endurgreiðslu kaupverðs samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936, þar sem hann skilaði bifreiðinni í lakara ásigkomulagi en hún var í, er hann fékk hana.

Er aðaláfrýjandi hinn 27. marz fékk gagnáfrýjanda bifreiðina í hendur, undirritaði hann yfirlýsingu, þar sem hann m. a. tók fram, að hann eigi enga frekari kröfu á hendur gagnáfrýjanda um greiðslu kaupverðs fyrir bifreiðina. Kveðst nafngreindur hæstaréttarlögmaður hafa samið yfirlýsingu þessa, og tjáir hann aðaláfrýjanda hafa undirritað hana í sinni viðurvist. Hvorki útlit skjalsins né annað bendir til þess, að staðhæfing aðaláfrýjanda um fölsun þess sé á rökum reist. Verður því ekki tekið mark á þeirri staðhæfingu hans, að yfirlýsingunni hafi verið breytt, eftir að hún var undirrituð.

Það leiðir þegar af þessari yfirlýsingu, að aðaláfrýjandi

getur ekki kafið gagnáfrýjanda um neinn hluta andvirðis þess, er gagnáfrýjandi fékk fyrir bifreiðina, eftir að aðaláfrýjandi hafði fengið honum hana í hendur.

Verður því að sýkna gagnáfrýjanda af kröfum aðaláfrýjanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Þórhallur Arnórsson, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Kristjáns Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. apríl 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. f. m. hefur Kristján Guðmundsson, Ránargötu 44 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 26. janúar þ. á. gegn Þórhalli heildsala Arnórssyni, Eiriksgötu 17 hér í bænum, til greiðslu á kr. 19000.00 eða annarri lægri fjárhæð að mati dómara, ásamt 6% ársvöxtum frá 31. marz 1943 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndur hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Baldri Guðjónssyni, bifreiðarstjóra á Akureyri, hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu.

Málavextir eru þessir:

Með kaupsamningi, dags. 30. janúar f. á., seldi stefndur stefnanda fólksflutningsbifreiðina R 2156. Í samningi þessum var ekki skýrt kveðið á um kaupverðið, en aðiljar eru á einu máli um það, að verðið hafi numið kr. 31000.00 og að stefnandi hafi greitt kr. 18000.00 við afhendingu bifreiðarinnar. Eftirstöðvarnar, kr. 13000.00 auk vaxta skyldi greiða með 7 víxlum, en víxlar þessir voru þó eigi fullnaðargreiðsla, heldur var stefndum áskilinn eignarréttur að bifreiðinni, unz víxlarnir væru að fullu greiddir. Hinn 1. marz f. á. greiddi stefnandi kr. 1000.00 af fyrsta víxlinum, en gat eigi staðið í skilum um frekari greiðslur, og lauk skiptum aðiljanna með því hinn 27. s. m., að stefnandi „afsalaði“ stefndum bifreiðinni gegn afhendingu víxla þeirra, er þá voru ógreiddir.

Yfirlýsing stefnanda um þetta var skráð á kaupsamninginn og hljóðar svo: „Ég, Kristján Guðmundsson bílstjóri, Ránargötu 44 í Reykjavík, lýsi hér með yfir því, að ég hér með afsala til Þórhalls

Arnórssonar, Eiriksgötu 17 í Reykjavík, ofangreindri fólksbifreið R 2156, gegn afhendingu vixla þeirra, er ég á nú ógreidda af kaupverðinu, enda hef ég í dag fengið þá vixla afhenta. Ég á enga frekari kröfu á hendur Þórhalli um greiðslu kaupverðs fyrir bifreiðina.

Reykjavík, 27. marz 1943.“

Stefnandi heldur því fram, að þegar hann afhenti stefndum bifreiðina, hafi hann krafizt þess, að sér yrði endurgreidd fjárhæð sú, er hann hafði þegar goldið af kaupverðinu. Hafi stefndur talið það sjálfsagt, en óskað þess, að skorið yrði úr því atriði með dómi, til þess að stefndur gæti síðan krafizt endurgreiðslu af fyrrnefndum Baldri, er seldi honum bifreiðina hinn 27. jan. f. á. Kveðst stefnandi hafa orðið við þessum tilmælum stefnds, enda hafi hann skilið stefndan svo, að hin væntanlegu málaferli væri aðeins formsatriði og því óhætt að undirrita áðurgreinda yfirlýsingu, en í henni hafi síðari setningin ekki verið, er yfirlýsingin var undirrituð. Litur hann svo á, að stefndur hafi fallizt á, að kaupin gengju til baka, og sé því skyldur til endurgreiðslu þess hluta kaupverðsins, er hann hafi veitt viðtöku, auk þess sem hann skirskotar í því sambandi til 35. og 36. gr. laga nr. 7 1936.

Í annan stað byggir stefnandi kröfur sínar á því, að bifreiðin hafi verið haldin leyndum göllum svo verulegum, að hann hafi haft heimild til riftunar kaupanna og kröfu til endurgreiðslu kaupverðsins, eða a. m. k. afsláttar, er næmi þeirri fjárhæð, er hann hafði þegar greitt. Byggir stefnandi þessa staðhæfingu á vottorðum bifreiðaviðgerðarmanna, er önnuðust fyrir hann aðgerðir á bifreiðinni. Til aukins stuðnings hefur stefnandi og aflað sér vottorða samverkamanna sinna í bifreiðastöðinni Geysi og stöðvarstjórans um það, að þeir hafi orðið þess varir, að mjög illa gekk að koma bifreiðinni af stað, einkum að morgni dags, og að jafnaðarlega hafi þurft að veita stefnanda aðstoð með því að draga hana í gang.

Stefndur hefur eindregið mótmælt því, að nokkrir þeir gallar hafi verið á umræddri bifreið, er rökstutt geti dómkröfur stefnanda, og byggir hann sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því.

Af vottorðum bifvélavirkja þeirra, er áður getur, er ljóst, að bifreiðin var mjög skemmd, er stefnandi lét hana af hendi. Grind hennar var sprungin á þrem eða fleiri stöðum, og hreyfillinn svo mjög brotinn og skemmdur, að vafasamt þótti, hvort hægt væri að gera við hann. Hins vegar er ekki nægjanlega sannað gegn eindregnum andmælum stefnds, að skemmdir þessar hafi orðið á bifreiðinni, áður en stefnandi tók hana til afnota, enda þykja skýrslur um ástand hennar fyrir þann tíma ekki til þess fallnar að styðja þá staðhæfingu stefnanda. Stefnandi, sem hefur meira bifreiðarstjórapróf, hefur í kaupsamningi þeim, er áður greinir, lýst yfir því, að hann hafi kynnt sér ástand bifreiðarinnar og

kaupi hana í því, og gegn mótmælum stefnds hefur honum ekki tekizt að sanna, að hann hafi hreyft athugasemdum út af ástandi bifreiðarinnar, fyrr en stefndur hófst handa um að taka hana aftur. Verður því ekki talið, að unnt sé að taka kröfur stefnanda til greina á þessum grundvelli.

Þá hefur stefndur og haldið því fram, að skipti aðiljanna hinn 27. marz f. á. hafi alls ekki verið byggð á því, að kaupin gengju til baka, þannig að hann hafi samþykkt að endurgreiða stefnanda afborganir hans af kaupverðinu. Kveður stefndur hina réttu sögu málsins þá, að er stefnandi komst í vanskil, hafi hann kosið að fara eftir því ákvæði kaupsamningsins, er heimilaði honum, er hann hefði látið taka bifreiðina af stefnanda, að halda henni sem greiðslu eftirstöðvanna. Samkomulag aðiljanna hafi verið valið sem fljótari og kostnaðarminni leið en bein fógetagerð til vörzlu-skiptanna. Samkvæmt ákvæðum kaupsamningsins eigi stefnandi því engan endurheimturétt kaupverðsins, enda hafi hann undirritað yfirlýsingu þá, er áður getur, og hefur að geyma skýlaust afsal á frekari kröfum af hans hálfu á hendur stefndum um greiðslu kaupverðsins, enda sé það með öllu rangt, að umræddri setningu hafi verið bætt við eftir undirskrift yfirlýsingarinnar. Hins vegar hafi stefnanda að sjálfsögðu verið geymdur réttur til bóta úr hendi stefnds, ef það sannaðist, að hinn seldi hlutur hafi verið haldinn leyndum göllum, er salan til stefnanda fór fram.

Í 35. gr. laga nr. 7 frá 1936 segir svo: „Hafi maður lofað að greiða peninga eða annað í féviti, ef hann efnir eigi skuldbindingu, sem á honum hvílir, eða ef hann að öðru leyti vinnur eða lætur ógert eitthvert verk, þá má lækka það féviti, ef telja verður bersýnilega ósanngjarnt, að það verði greitt að fullu. Skal þá eigi aðeins taka tillit til þess tjóns, sem sá maður biður, sem rétt á samkvæmt loforði þessu, heldur og til þeirra hagsmuna, sem hann að öðru leyti hefur af því, að verkið sé unnið eða látið ógert, og til annarra atvika málsins. Nú hefur slíkt féviti verið greitt fyrirvaralaust, eftir að það var áfallið, og verður það þá eigi aftur heimt samkvæmt þessari grein.“ Samkvæmt 36. gr. sömu laga skal beita ákvæðum 35. gr. eftir því, sem við á, ef svo hefur verið kveðið á í samningi, að verði samningnum rift vegna vanefnda annars aðilja, þá skuli hann hafa glatað rétti sínum til að heimta aftur það, sem hann hefur þegar greitt, eða hann skuli, þrátt fyrir riftun samningsins, inna af hendi greiðslu sína samkvæmt honum.

Eins og áður er lýst, var hið umsamda kaupverð bifreiðar þeirrar, er hér um ræðir, 31 þús. kr., og er ekki annað komið upp í málinu en að sú fjárhæð sé í samræmi við gangverð bifreiða á þessum tíma, í því ástandi, sem telja verður að bifreiðin hafi verið í samkvæmt framansögðu. Stefnandi hefur, eins og fyrr segir, greitt stefndum 19 þús. kr. upp í andvirði bifreiðarinnar,

en jafnframt er það staðhæft af stefnanda, án þess að því hafi verið nægjanlega mótmælt, að stefndur hafi selt bifreiðina, eins og hún var, er hann tók við henni af stefnanda, fyrir 15 þús. kr., þannig að hann hefur alls fengið kr. 34000.00 fyrir bifreiðina. Greiðslur þær, er stefnandi innti af hendi til stefnds samkvæmt framansögðu, fóru fram áður en þau atvik gerðust, er heimiluðu stefndum riftun sammingsins, og þykir lokaákvæði 35. gr. laga nr. 7 frá 1936 því ekki eiga hér við. Með tilliti til framanritaðs getur það aftur á móti ekki talizt sanngjarnt, að stefndur fái andvirði bifreiðarinnar greitt með öllu því fé, sem áður segir, þannig að telja verður rétt að nota fyrrnefnda lagaheimild til endurheimtu kaupverðsins að hluta, og þykir þá eftir öllum atvikum rétt, að endurgreiðslan nemi kr. 3000.00. Endurgreiðsla fjár þessa þykir þó því aðeins eiga að koma til greina, að stefnandi synji fyrir það með eiði á lögmætan hátt, að setningin: „Á ég enga frekari kröfu á hendur Þórhalli um greiðslu kaupverðs fyrir bifreiðina“, hafi verið í fyrrgreindri yfirlýsingu, er hann undirritaði hana, (sbr. 1. mgr. 163. gr. laga nr. 85 frá 1936). Vinni stefnandi þann eið, ber stefndum að greiða honum fyrrnefnda fjárhæð, kr. 3000.00, ásamt 5% ársvöxtum frá 31. marz 1943 til greiðsludags svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 450.00. Verði stefnanda hins vegar eiðfall, þykir bera að sýkna stefndan af öllum kröfum hans, en málskostnaður falli þá niður.

Árni Tryggvason settur borgardómari kvað upp dóm þenna. Nokkur dráttur hefur orðið á uppsögn hans og stafar af embættisönnum.

Því dæmist rétt vera:

Ef stefnandi, Kristján Guðmundsson, synjar þess með eiði á varnarþingi sínu eftir löglegan undirbúning innan aðfararfrests í máli þessu, að fyrrnefnd setning hafi verið í framangreindri yfirlýsingu, er hann undirritaði hana, þá greiði stefndur, Þórhallur Arnórsson, stefnanda kr. 3000.00 með 5% ársvöxtum frá 31. marz 1943 til greiðsludags og kr. 450.00 í málskostnað.

Verði stefnanda hins vegar eiðfall, skal stefndur vera sýkn af öllum kröfum hans, en málskostnaður falli niður.

Dómi þesum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.